

Fjelsted og Blöndal lögmannsstofa slf.,
Hr. Þórir Júlíusson, lögmaður,
Suðurlandsbraut 18,
108 Reykjavík.

Efni: Krafa um afhendingu eigna. Viðræður um bætur.

Mér hafa falið þeir 43 einstaklingar sem fram koma í fylgiskjali þessa bréfs að skrifa yður sem lögmanni Geymslna ehf.

I

Umbjóðandi yðar Geymslur ehf. rak á sínum tíma í atvinnuskyni geymsluhúsnæði að Miðhrauni 4, Garðabæ. Eins og yður er kunnugt um brann húsnæðið til grunna í eldsvoða þann 5. apríl s.l. Umbjóðendur mínir voru eigendur að lausafjármunum sem geymdir voru í húsnæði umbjóðanda yðar.

Um viðskipti umbjóðenda minna og umbjóðanda yðar giltu ákvæði laga um þjónustukaup nr. 42/2000. Löggin taka til hvers kyns samninga um kaup á þjónustu sem veitt er neytendum í atvinnuskyni gegn gjaldi. Löggin eiga m.a. við þegar veitt er þjónusta sem felur í sér geymslu á lausafjármunum.

Seljanda þjónustu ber að haga gjörðum sínum og samningum við neytendur í samræmi við þau lög og reglur er gilda um slíka starfsemi.

Umbjóðendur mínir krefjast þess nú að þeim verði afhentir þeir munir sem þeir geymdu hjá umbjóðanda yðar. Er þeirri áskorun hér með beint að umbjóðanda yðar að hann veiti umbjóðendum mínum aðgang að eignum þeirra þannig að þeir geti nálgast eigur sínar hjá honum.

II

Ef umbjóðandi yðar getur ekki orðið við þeirri kröfu hafa umbjóðendur mínir falið mér að óska eftir viðræðum við umbjóðanda yðar um bætur þeim til handa vegna þess tjóns sem þeir hafa orðið fyrir við það að eigur þeirra eyðilögðust í eldsvoða þann 5. apríl 2018.

Ábyrgð umbjóðanda yður byggist í fyrsta lagi á þeirri staðreynd að hann geymdi þessa muni á hans ábyrgð gegn gjaldi og honum ber þess vegna að skila þeim til eigenda eða sjá til þess að eigandinn geti nálgast þá.

Þá byggist ábyrgð umbjóðanda yðar einnig á ákvæðum laga um þjónustukaup nr. 42/2000. Samkvæmt þeim lögum fellur ábyrgð á seljanda þjónustu ef hann getur ekki afhent hluti til eigenda t.d. vegna þess að þeir eyðileggjast í eldsvoða. Í lögskýringargögnum er tekið fram að ábyrgðin sé felld á seljanda þjónustu vegna þess að hann eigi þann kost að tryggja sig fyrir slíku tjóni.

Samningar sem víkja frá skyldum seljanda slíkrar þjónustu á kostnað neytenda eru ógildir sbr. 3. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup. Þannig dugur ekki fyrir umbjóðanda yðar að bera því við að hann hafi gert húsaleigusamninga við umbjóðendur mína, enda tóku þeir enga húseign á leigu. Í lögskýringargögnum er auk þess sérstaklega tekið fram að með lögum um þjónustukaup sé ætlunin að ná yfir starfsemi sem felur í sér búslóðageymslu. Einnig yrði slíkum ákvæðum vikið til hliðar eða þau túlkuð umbjóðendum mínum sem neytendum í hag með vísan til a-d liðs 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð o.fl.

III

Ef umbjóðandi yðar getur orðið við kröfum umbjóðanda minna þá fagna þeir því. Ef ekki þá óska þeir viðræðna við hann um greiðslu bóta sem samsvara því tjóni og þeim kostnaði sem þeir hafa orðið fyrir.

Ef ekki þá munu þeir leita réttar síns fyrir dómstólum.

Reykjavík 24. september 2018,

Virðingarfyllst,

Guðni Á. Haraldsson, hrl.

